



Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2015

Á Vísindum á vordögum 28. apríl 2015 úthlutaði Vísindasjóður Landspítala 103 styrkjum. Upphæð styrkjanna nam 54 milljónum króna.



Hvatningastyrkir til þriggja sterkra rannsóknarhópa

Páll Matthíasson, forstjóri, Landspítala afhenti þrjú fimm milljóna króna hvatningastyrki úr Vísindasjóði Landspítala 1. desember 2015. Þetta er í sjötta sinn sem styrkir af þessu tagi eru veittir á spítalanum. Styrkirnir eru veittir sterkum rannsóknarhópum sem þegar hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Þetta eru öflugustu styrkir sem Landspítali veitir, þeir eru viðurkenning á vísindafæri vísindamannsins og þá er tekið tillit til hvað hann hefur gert á undanförunum árum. Forystumenn rannsóknarhópanna tóku við styrkjunum og kynntu rannsóknir sínar.

Gunnar Guðmundsson, lungnalæknir og prófessor.
Lungnatrefjun (e. pulmonary fibrosis).

Jóna Freysdóttir, forstöðunáttúrufræðingur og prófessor.
Áhrif ómega-3 fjölómettaðra fitusýra og annarra valdra náttúruafnaða á myndun og hjöðnun bólgu.

Runólfur Pálsson, yfirlæknir og prófessor.
Langvinnur nýrnasjúkdómur og bráður nýrnaskaði: Tengsl á báða vegu.



Magnús Gottfréðsson læknir, sérfræðingur í lyflækningum og smitsjúkdómum, yfirlæknir á Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.

Vísindi og saltfiskur

Í bók Halldórs Laxness, Sölu Völu, leggur aðalsöguhetjan út af hinni vel þekktu íslensku staðhæfingu um að lífið sé saltfiskur með eftirfarandi spurningu:





„... þegar öllu er á botninn hvolft þá er lífið þó umfram alt saltfiskur en ekki draumaríngl?“

Stefna og starfsáætlun Landspítala hefur nú nýlega verið endurskoðuð. Þar er hnykkð á þrjú hlutverki spítalans, að sinna þjónustuhlutverki við sjúklinga og aðstandendur þeirra, menntun og vísindum. Þegar best lætur eru þessir þættir algerlega samofnir í starfsemi spítalans. En ef til vill eru menntun og vísindi dæmi um það sem Salka Valka hefði flokkað sem draumaríngl, ekki síst þegar harðnar á dalnum. Það er vissulega hollt að borða íslenskan saltfisk en einnig er mikilvægt að láta sig dreyma af og til. Jafnvel fyrir þá sem eru hápraktískir og lítt gefnir fyrir draumaríngl er það staðreynd að menntun og öflugt vísindastarf eru mikilvægar undirstöður gæða og grósku á háskólasjúkra-

húsi. Þetta gildir jafnt um öryggi sjúklinga, innleiðingu nýjunga og nýliðun starfsfólks. Á þetta er lögd áhersla í vísindastefnu Landspítala en þar eru sett fram hófstíllt töluleg markmið um skiptingu fjár til vísindastarfsemi sem hlutfall af rekstrarfé. Þar er einnig gert ráð fyrir að hvarar séu til staðar fyrir rannsakendur og stjórnendur til að sinna rannsóknum og ná árangri á sviði vísinda. Segja má að með markmiðunum um að efla menntun og vísindi sé lögd áhersla á mikilvægi þess að láta sig dreyma og vísa þannig veginn til framtíðar. Enn vantar því miður mikið upp á að spítalinn sé nálægt settu marki í þessu efni. Skyldi engan undra eftir stöðuga vanfjármögnun Landspítala undanfarin ár þar sem bráðnaðsýnlegt viðhald á húsa-kosti og brýnustu tækjakaup hafa setið á hakanum. Við þurfum að halda staðreyndum til haga hvað varðar þennan þátt starfseminnar, sérstaklega þegar okkur er tilkynnt að „blússandi góðæri“ sé hafið. Nýleg athugun á fjölda fræðilegra greina sem merktar eru Landspítala og skráðar í Scopus gagnagrunninum bendir til að birtingum fari áfram fækkandi. Þegar gögnin eru rýnd kemur í ljós að spítalinn er góður samstarfsaðili í margvíslegum rannsóknum og er það vel. Til lengri tíma litið er þó mikilvægt að vísindamenn sem hér starfa séu oftari í leiðandi hlutverki, ekki síst á sviði klínískra rannsókna. Ávinningurinn er aukin þekking og reynsla sem eflir starfsemina til framtíðar.

Gott dæmi um verkefni, þar sem vísindi, kennsla og klínísk þjónusta er samþætt, er nýlegur samningur heilbrigðisvísindabókasafns um bætta aðgang að gagnasafni UpToDate. Safnið er nú er aðgengilegt öllum starfsmönnum hvar sem er og hvenær sem er gegnum snjallsíma eða spjaldtölvur. Með þessu er stuðlað að bættri ákvarðanatöku í klínískum störfum en einnig er gagnasafnið í raun ígildi

fjölmargra textabóka í sífelldri endurskoðun og nýttist því afar vel við kennslu. Undanfarinn áratug eða svo hafa gríðarlegar framfarir átt sér stað í lyfjapróun gegn mörgum langvinnum sjúkdómum, m.a. krabbameinum, sjálfs- ofnæmissjúkdómum og lífrabólgu C, svo nokkur dæmi séu nefnd. Hin nýju lyf hafa nánast undantekningarlaust verið afar dýr, - svo mjög að dráttur hefur stundum orðið á notkun þeirra hérlendis. Það voru því ánægjuleg tíðindi þegar meðferðarátaki gegn lífrabólgu C var hleypt af stokkunum nú í ársbyrjun en stefnt er að því að lækna sem allra flesta Íslendinga sem sýktir eru af lífrabólgu C veirunni á næstu þremur árum og nota til þess nýstárlega nálgun á viðfangsefninu. Markmiðið er að beita viðtækri lyfjameðferð á landsvísi og vonast er til þess að hún skili sér í lækun á tíðni sjúkdómsins líkt og gerist við bólusetningar. Hér er því um lýðheilsuáttak að ræða en jafnhiða verður árangurinn rannsakður. Átakið er samvinnuverkefni Landspítala, Sjúkrahússins Vogs og Embættis landlæknis. Það sætir tíðindum að hin nýju lyf fást án endurgjalds frá framleiðanda. Skipulag meðferðarátaksins hefur kallað á mikla samvinnu og teymisvinnu fagfólks og hefur hún undantekningarlaust gengið afar vel. Sú staðreynd að þetta verkefni er nú að verða að veruleika, eftir skamman undirbúningstíma, minnr okkur á hversu miklum mannauði heilbrigðisþjónustan hér á landi og þá ekki síst háskólasjúkrahúsið okkar, Landspítali, býr að. Miklar væntingar eru um góðan árangur og grannt er fylgst með meðferðaráttakinu erlendis. Þetta minnr okkur á að jafnvel fámenn en stöndug þjóð, eins og Íslendingar, getur lagt mikið af mörkum við sköpun nýrrar þekkingar í heilbrigðisvísindum. Slík iðja getur skapað margs konar verðmæti, ekki síður en saltfiskverkun fyrri tíma. Nú er lag að hinni mörkuðu stefnu spítalans og vísindaráðs verði fylgt eftir og verkin látn tala.





Heiðursvísindamaður Landspítala 2015

Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir og prófessor, var valinn heiðursvísindamaður ársins á Vísindum á vordögum, árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala.

Pálmi lauk læknarprófi frá Háskóla Íslands 1979, sérfræðiprófi í lyflækningum frá University of Connecticut 1986 og sérfræðiprófi í öldrunarlækningum við Harvard University 1990. Hann var í rannsóknar- og kennslustöðu við Harvardháskóla 1988-1989, varð dósent í öldrunarlækningum við Háskóla Íslands 1994 og prófessor frá 2008. Hann hefur sinnt öldrunarlækningum frá heimkomu ýmist sem yfirlæknir, forstöðulæknir eða sviðsstjóri.

Pálmi hefur starfað í fjölmörgum nefndum innan sjúkrahúsa, læknaeildar og í heilbrigðisþjónustunni, m.a. um takmörkun meðferðar við lífslok, vistunarmat aldraðra, um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu (1995-1998) og heilbrigðisáætlun til ársins 2010 og verið formaður sérfræðinefndar lækna. Pálmi beitti sér fyrir stofnun og hefur verið formaður Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum frá 1999. Pálmi er í stýrihópi öldrunarrannsókna, sem er afar öflug rannsókn á heims- vísu og unnin í samvinnu Hjartavermdar og bandarísku öldrunarrannsóknarstofnunarinnar. Pálmi er þátttakandi í InterRAI frá 1991 og hefur setið í stjórn samtakanna frá 1999 (www.InterRAI.org). InterRAI er hópur vísindamanna sem vinnur að þróun samhæfðra alþjóðlegra matstækja fyrir fólk með langvinna sjúkdóma sem nýtur þjónustu innan heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Markmiðið er að skilgreina þarfir fólks á skilvirkan hátt, meta gæði, leggja mat á kostnað og auðvelda stefnumótun og alþjóðlegar rannsóknir. Pálmi hefur stýrt evrópskum og samnorraenum rannsóknum er snúa að aðferðarfræði InterRAI. Pálmi er í stjórn Middle Eastern Academy for Medicine on Aging frá 2005 og hefur sem sjálfboðaliði kennt öldrunarlækningar fyrir lyf- og heimilislækna í Mið-Austurlöndum.

Ungur vísindamaður ársins 2015

Ramona Lieder, náttúrufræðingur og nýdóktor, var valin ungur vísindamaður ársins á Vísindum á vordögum, árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala.

Ramona fæddist árið 1987 í Innsbruck í Austurríki. Hún lauk diplómaprófi í líftækni með sérhæfingu í efnarfræði virkra efna árið 2009.

Í diplómaverkefni sínu dvaldi Ramona á Íslandi á Erasmus styrk þar sem hún vann lokaverkefni sitt undir handleiðslu dr. Ólafs E. Sigurjónssonar og dr. Más Mássonar prófessors. Ramona flutti til Íslands að loknu diplómanámi sínu og innritaðist í doktorsnám við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík (HR) árið 2010. Titill ritgerðarinnar var „Chitosan and Chitosan Derivatives in Tissue Engineering and Stem Cell Biology“. Ramona útskrifaðist með doktorsgráðu í líftækni vorið 2013. Hún starfar sem nýdóktor í rannsóknarhópi Ólafs E. Sigurjónssonar og er starfsmaður gæðadeildar Blóðbankans.

Í doktorsverkefninu rannsakaði Ramona áhrif hinna ýmsu kitín- og kitósan afleiða á vöxt og sérhæfingu mesenchymal stofnfrumna og hvernig nýta mætti slíkar afleiður í vefja- verkfræði. Þar að auki skoðaði hún áhrif endótoxinmengunar á beinsérhæfingu mesenchymal stofnfrumna. Samhliða rannsóknum sínum hefur Ramona leiðbeint íslenskum og erlendum nemum og hefur hlotið rannsóknarstyrki, m.a. frá Landspítala og Rannís.



Verðlaun veitt úr Verðlaunasjóði í læknisfræði og skyldum greinum

Sigurður Yngvi Kristinnsson, sérfræðilæknir og prófessor, hlaut verðlaun úr Verðlaunasjóði í læknisfræði og skyldum greinum, sem afhent voru á Vísindum á vordögum, árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala.

Verðlaunin nema þremur og hálfri milljón króna og eru þar með einhver stærstu verðlaun sem veitast íslenskum vísindamönnum. Þetta er í sjöunda sinn sem verðlaun eru veitt úr sjóðnum. Verðlaunasjóðinn stofnuðu læknarnir Árni Kristinnsson og Þórður Harðarson en þeir voru báðir yfirlæknar á Landspítala og prófessorar við Háskóla Íslands.

Sigurður Yngvi lauk sérnámi í lyflækningum og blóðsjúkdómafræði við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi árið 2006 og doktorsprófi í blóðsjúkdómafræði árið 2009. Hann er nú prófessor við læknaeild Háskóla Íslands og starfandi læknir á Landspítala en viðheldur einnig starfstengslum við Karólínska sjúkrahúsið.

Eftir hann liggur á 9. tug vísindagreina sem birst hafa í virtum tímaritum. Þær hafa að verulegu leyti snúist um faraldsfræði blóð- og mergsjúkdóma. Eftir heimkomuna hefur hann byggt upp sterkt rannsóknarteymi við Háskóla Íslands og Landspítala með fjölda doktorsnema. Á sviði faraldsfræði blóðsjúkdóma stendur Sigurður Yngvi í fremstu röð á heimsvísu.

Merking greina

Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti Landspítala á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar.

Stundum er ranglega farið með nafn Landspítala. Stundum merkja höfundar líka greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Rétt merking auðveldar leit í gagnagrunnum að greinum starfsmanna Landspítala.

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri ef rétt er staðið að merkingu og skráningu greina.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær og hækkar þannig h-index höfunda í Web of Science. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.



Ramona Lieder tekur á móti viðurkenningu frá Auðnu Ágústsdóttur verkefnastjóra.



Styrkharfar ásamt Illuga Gunnarsyni menntamálaráðherra og Páli Matthíassyni forstjóra.

Níu ungir vísindamenn fengu eina milljón hver til klínískra rannsókna

Níu styrkir til klínískra rannsókna ungra vísindamanna á Landspítala voru afhentir úr Vísindasjóði Landspítala í desember 2015. Styrkþegarnir 9 gerðu þar grein fyrir rannsóknum sínum. Hver styrkur nam einni milljón króna.

Daði Helgason

Rannsókn: Bráður nýrnaskaði í tengslum við kransæðapræðingar á Íslandi

Meðumsækjandi: Runólfur Pálsson. Aðrir samstarfsmenn: Martin Ingi Sigurðsson, Gísli Heimir Sigurðsson, Ólafur Skúli Indriðason, Tómas Guðbjartsson.

Elín Björk Tryggvadóttir

Rannsókn: Sjónsviðsskerðing við fyrstu hjáveituaðgerð (trabeculectomy) í gláku

Meðumsækjandi: María Soffía Gottfredsdóttir. Aðrir samstarfsmenn: Sveinn Hákon Harðarson.

Elva Dögg Brynjarsdóttir

Rannsókn: Aðgerðartengd afdrif sjúklinga eftir kvíðarholtskurðaðgerðir á LSH. Framsýn klínísk rannsókn

Meðumsækjandi: Páll H. Möller. Aðrir samstarfsmenn: Gísli H. Sigurðsson, Erna Sigmundsdóttir.

Guðrún María Jónsdóttir

Rannsókn: D-vítamínþúskapur hjá bráðveikum sjúklingum

Meðumsækjandi: Gísli H. Sigurðsson. Aðrir samstarfsmenn: Sigurbjörg S. Skarphéðinsdóttir, Sigurbergur Kárasón, Martin I. Sigurðsson, Rúnar Bragi Kvaran, Kirk Hogan, Neil Binkley.

Hera Jóhannesdóttir

Rannsókn: Langtímaárangur kransæðahjáveituaðgerða á Íslandi

Meðumsækjandi: Einar S. Björnsson. Aðrir samstarfsmenn: Tómas Guðbjartsson, Guðmundur Þorgeirsson, Martin Ingi Sigurðsson.

Sigríður Zoëga

Rannsókn: Þróun spurningalista til að meta þekkingu og viðhorf sjúklinga til verkjameðferðar eftir skurðaðgerð

Meðumsækjandi: Sigríður Gunnarsdóttir. Aðrir samstarfsmenn: Berit T. Valeberg, Brynja Ingadóttir, Debra B. Gordon, Katrín Blöndal.

Tinna Harper Arnardóttir

Rannsókn: Skurðaðgerðir við sjálfsprottun loftþrjósti á Íslandi 1991-2014: Langtímaárangur, fylgikvillar og samanburður aðgerðaforma

Meðumsækjandi: Tómas Guðbjartsson. Aðrir samstarfsmenn: Hrönn Harðardóttir.

Pórarinn Árni Bjarnason

Rannsókn: Greining truflunar á sykkrefnaskiptum hjá sjúklingum með brátt kransæðaheilkenni og áhrif þess á alvarleika og þróun æðakölkunarsjúkdóms

Meðumsækjandi: Karl Andersen. Aðrir samstarfsmenn: Pórarinn Árni Bjarnason, Rafn Benediktsson, Guðmundur Þorgeirsson, Pórarinn Guðnason, Ísleifur Ólafsson, Vílmundur Guðnason, Sigurður Sigurðsson, Bylgja Kærnested, Auður Ketilsdóttir, Steinar Orri Hafþórsson, Erna Sif Óskarsdóttir, Linda Björk Kristinsdóttir.

Pórir Einarsson Long

Rannsókn: Faraldsfræði og árangur bráðs nýrnaskaða eftir skurðaðgerðir á Íslandi

Meðumsækjandi: Ólafur Skúli Indriðason. Aðrir samstarfsmenn: Martin Ingi Sigurðsson, Tómas Guðbjartsson, Gísli Heimir Sigurðsson, Runólfur Pálsson.

Starfsmenn sem hlotið hafa framgang í starfi við Háskóla Íslands á árinu 2015

Hjalti Már Þórisson framgangur í dósent

Reynir Arngrímsson framgangur í prófessor

Þorvarður Jón Löve framgangur í dósent

Nýsköpunarstyrkir Landspítala

Veittir voru tveir nýsköpunarstyrkir úr Vísindasjóði Landspítala á árinu. Hvor styrkur nam þremur milljónum króna.

Brynja Ingadóttir er sérfræðingur í hjúkrun aðgerðasjúklinga á skurðlækningasviði Landspítala og klínískur lektor við Háskóla Íslands. Hún hlaut styrk fyrir verkefnið „Þróun tölvuleiks til kennslu skurðsjúklinga um verkjameðferð eftir aðgerð“.

Jón Snædal, yfirlæknir öldrunarlækningadeilda Landspítala og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, hlaut styrk fyrir verkefnið „Kólvirkni heilans mæld með heilariti“.

Brynja Ingadóttir og Jón Snædal ásamt Páli Matthíassyni forstjóra.

